

17. gr.

Gjaldár vatnsveitunnar er almanaksárið, gjalddagi vatnsskatts er sá sami og fasteignaskatts og greiðist vatnsskatturinn í einu lagi fyrir liðið ár.

Húseigandi ber ábyrgð á greiðslu vatnsskatts, sem má taka lögtaki og einnig er hann tryggður með lögveði í húseigninni næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta. Þar sem vatnsskattur er ákveðinn samkvæmt mæli, er heimilt að greiða hann á 4 gjalddögum í lok hvers ársfjórðungs.

18. gr.

Bannað er að taka vatn úr brunahönum vatnsveitunnar eða setja hreyfivélar í samband við hana, nema með leyfi hreppsnefndar, eða þess aðila, sem hreppsnefnd hefur falið slökkvistörf í kaupþúninu.

19. gr.

Brot á reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 100 000.00 nema þyngri refsing liggji við að lögum, sektarfé rennur í sveitarsjóð. Valdi nokkur skemmdum á vatnsveitukerfinu skal hann bæta það eftir mati tveggja óvilhallra manna. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem hreppsnefnd Suðureyrarhrepps hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923, sbr. lög nr. 93 5. júní 1947, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá um vatnsskatt í Suðureyrarkaupþúni, Súgandafirði, nr. 201 25. nóvember 1960.

Félagsmálaráðuneytið, 4. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

REGLUGERÐ
fyrir Vatnsveitu Búðardals.

1. gr.

Vatnsveita Búðardals er sjálfstætt fyrirtæki, sem Laxárdalshreppur er eigandi að og rekur í þeim tilgangi að fullnægja vatnspörf heimila og fyrirtækja í Búðardal.

2. gr.

Hreppsnefnd Laxárdalshrepps hefur á hendi yfirstjórn vatnsveitunnar og einkarétt til sölu vatns á veitusvæðinu.

3. gr.

Vatnsveitunefnd, kosin af hreppsnefnd til 4 ára í senn, skipuð 3 aðalmönnum og jafnmörgum til vara, húsettum í Búðardal, annast öll framkvæmdastörf, viðhald og endurbætur vatnsveitunnar, fjárreiður hennar og umsjón eigna í samráði við oddvita og hreppsnefnd, sem ákveður þóknun vatnsveitunefndar. Nefndin skiptir sjálf með sér verkum.

Að einróma tillögu vatnsveitunefndar getur hreppsnefnd ákveðið að ráða sérstakan umsjónarmann til að annast framangreind störf í þágu veitunnar, ásamt öðrum, sem honum kunna að verða falin.

4. gr.

Hver sá, er komast vill í samband við vatnsveituna, sæki um það skriflega til vatnsveitunefndar eða öðdvita.

5. gr.

Enginn má án leyfis leggja vatnsæðar frá aðalvatnsæðum veitunnar.

Hverjum húseiganda ber að greiða allan kostnað við lagningu heimæðar í hús sitt frá aðalæð og annast viðhald þeirra.

Skyllt er hverjum húseiganda að láta tafarlaust gera við vatnsæðar sínar, ef leki kemur að þeim eða útbúnaði er ábótavant.

Enginn má eyða vatni að óþörfu, né setja aflvélar í samband við vatnsveitukerfið án leyfis. Óheimilt er að taka vatn úr brunahönum veitunnar.

6. gr.

Skyllt er þeim, sem nota vill vatn frá vatnsveitunni, að fara eftir fyrirmælum ráðamanna veitunnar um efni, lagningu og viðhald vatnsæða sinna, og annað það, sem lýtur að vatnslögnum í og við hús þeirra.

Heimilt er umsjónarmanni vatnsveitunnar að fara um hús og lóðir vatnsnotenda til að athuga vatnslagnir og gera þær ráðstafanir í þágu veitunnar, sem hann telur nauðsynlegar. Loka má fyrir vatn meðan hreinsun eða viðgerð fer fram á geymum eða æðum veitunnar, enda skal slíkt tilkynnt fyrir fram, ef þess er kostur.

7. gr.

Heimilt er að loka vatnsæðum fyrir þeim, sem vanrækja að gera við bilanir á pípum eða tækjum, eyða vatni að óþörfu eða greiða ekki vatnsskatt eða stofngjald á réttum gjalddaga.

Fullan vatnsskatt ber að greiða fyrir þann tíma, sem vatnsæðar eru lokaðar.

8. gr.

Skyllt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

9. gr.

Hver sá, sem veldur skaða eða skemmdum á vatni eða veitukerfi, greiðir fullar fébætur, auk sekta, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

10. gr.

Af öllum húseignum á vatnsveitusvæðinu, sem sérmetnar eru til fasteignamats og vatni er veitt í eða úr næst til vatnsæða, skal greiða vatnsskatt, sem nemur 2% — tveimur af þúsundi — af fasteignamatsverði árlega. Þó skal lágmarksgjald vatnsnotanda vera kr. 1 200.00.

11. gr.

Af öðrum þeim, er vatn nota til annars en venjulegra heimilisþarfa, vegna atvinnu, sem þeir reka, eða af öðrum ástæðum, skal innheimta aukagjald, sem nefnist aukavatnsskattur.

Aukavatnsskatt skal að jafnaði greiða samkvæmt mældri notkun, ef ekki, þá ákveður vatnsveitan skattinn samkvæmt áætlaðri notkun. Verði ágreiningur um slíka áætlun milli vatnsveitu og gjaldanda skal hreppsnefnd skera úr. Aukavatnsskattur skal vera kr. 3.70 á hvern rúmmetra vatns og er gjalddagi hans í lok hvers ársfjórðungs.

12. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að breyta vatnsgjöldum samkvæmt reglugerð þessari um allt að 50% til hækkunar eða lækkunar, bæði í heild og einstökum liðum, fyrir eitt ár í senn.

13. gr.

Heimilt er að krefja hvern þann aðila, sem leyfi fær til að leggja heimæð frá aðalveitu, um allt að kr. 2 000.00 í stofngjald. Eindagi stofngjalds er sá dagur, þegar tenging er framkvæmd.

14. gr.

Hreppsnefnd getur krafizt þess, að tillögu vatnsveitunefndar, að fyrirtæki og aðrir vatnsnotendur greiði vatnsskatt eftir mæli. Skal þá vatnsveitan leggja til mæli og sjá um uppsetningu og rekstur. Vatnsnotandi greiði uppsetningarkostnað, mæla-leigu svo og vatnsskattinn sjálfan samkvæmt gjaldskrá.

15. gr.

Vatnsskattur hvers árs fellur í gjalddaga 1. júní. Greiðist skatturinn ekki á rétt-um gjalddaga, falla á hann dráttarvextir.

Vatnsskattinn má einnig taka lögtaki og er hann tryggður með lögveði í eigninni næstu tvö ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar sammingsveði eða aðfararveði.

Vatnsveitunefnd eða annar aðili í umboði hreppsnefndar hefur á hendi reikningshald og innheimtu fyrir veituna.

Reikningsár vatnsveitunnar er almanaksárið, og skulu reikningar hennar endurskoðaðir af endurskoðendum hreppsins árlega.

16. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að kr. 10 000.00, nema þyngri refsing liggji við að lögum.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skulu sæta meðferð opinberra mála.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Laxárdalshrepps staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 frá 21. júní 1923, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð fyrir Vatnsveitu Búðardals nr. 32 22. febrúar 1965 með síðari breytingum.

Félagsmálaráðuneytið, 6. júní 1973.

Hannibal Valdimarsson.

Hallgrímur Dalberg.

AUGLÝSING

um staðfestingu sjávarútvegsráðuneytisins á verðgrundvelli á freðfiski fyrir framleiðslutímabilið 1. júní til 30. september 1973.

Með skírskotun til laga nr. 72 28. maí 1969, um Verðjöfnunarsjóð fiskiðnaðarins og samkvæmt tillögum stjórnar Verðjöfnunarsjóðs, hefur ráðuneytið staðfest